

## 57. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 2.3. 2021, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, , Lárus Heiðarsson, Helgi Gíslason sveitarstjóri. Gunnþórunn Ingólfssdóttir boðaði forföll og sat Gunnar Gunnarsson 1. varamaður fundinn í fjarfundarbúnaði. Einnig mætti til fundar undir 1. lið Skúli Björn Gunnarsson.

Oddviti setti fund og spurði fundarmenn hvort þeir gerðu athugasemd við að 1. fyrsti varamaður væri í fjarfundarbúnaði á fundinum. Það voru engar athugasemdir gerðar við það og þar með samþykkt af hálfu fundarmanna.

Samþykkt að taka inn fundargerðir frá samfélagsnefnd og upphéradsklasa undir 6. lið.

### Dagskrá:

1. Ársreikningur Skógarafurða ehf. Gestur, Skúli Björn Gunnarsson
2. Kl. 14:30 Umsögn um frumvarp til laga um lögpvingaðar sameiningar sveitarfélaga.
3. Kl. 14:40 Umsögn um frumvarp um jarðalög
4. Kl. 14:45 Ársreikningar Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps 2020
5. Kl. 15:00 Afskriftabeiðnir
6. Kl. 15:15 Fundargerðir:
  - a. Fundargerð Byggingarnefndar 12.2.2021
  - b. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands 24.2.2021
  - c. Fundargerð Árssala 15.02.2021
  - d. Fundargerð Árssala 26.03.2021
  - e. Fundargerð Skólaskrifstofu Austurlands 9.2.2021
  - f. Fundargerð svæðisráðs austurssvæðis Vatnajökulspjórðgarðs 3.2.2021
  - g. Fundargerðir SSA og Austurbrúar
    - 1 . SSA 9. okt.
    2. SSA 6. nóv.
    3. SSA 4. des
    4. SSA 11. des.
    - 5 .SSA, 15. Jan.
    112. Austurbrú 6. okt.
    113. Austurbrú, 6. nóv.
    114. Austurbrú 4. des.
    115. Austurbrú 11. des.
    116. Austurbrú 15. jan.Fundargerð 2. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. (SSA) haldið í fjarfundi á Zoom 9.október
  - h. Samfélagsnefnd. 18. feb.
  - i. Upphéraðsklasi 4. feb. á Skriðuklaustri.

7. Skýrsla sveitarstjóra
8. Önnur mál

1. Ársreikningur Skógarafurða ehf. Gestur, Skúli Björn Gunnarsson

Skúli Björn er fulltrúi Fljótsdalshrepps í stjórn Skógarafurða og kynnti hann ársreikning félagsins og fór yfir starfsemi ársins verkefnastöðuna fyrir árið 2021. Skúla þakkað fyrir greinargóða kynningu. Sveitarstjóra falið að vinna umsögn frá sveitarfélaginu tengda umsókn fyrirtækisins í þróunarsjóð.

*Skúlu Björn yfirlag fundin 14:30*

2. Umsögn um frumvarp til laga um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi eins og þær birtast í frumvarpi að lögum um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi að virða lýðræðislegan sjálfsákvörðunarrétt íbúa í eigin málefnum. Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í stjórnarskrá, sveitarfélagalögum og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga.

3. Umsögn um frumvarp um jarðalög, mál nr. 375 – þingskjal 467

Sveitarstjórn telur að lagatexti þurfi að vera skýr, rökréttur og skiljanlegur öllum sem hann lesa og honum eiga að fylgja. Þess vegna ber að varast að fella á brott mikilvægar skilgreiningar sem nú eru í 2. gr. laganna. Fljótsdalshreppur leggst gegn því að skilgreining orðanna *landbúnaður* og *eignarland* verði felld brott. Með þessum breyttu skilgreiningum er skógrækt slitin frá hugtökunum landbúnaði, ræktun og ræktuðu landi. Afleiðingin verður sú að setja skorður við skógrækt sem landnýtingarmöguleika í mörgum sveitarfélögum. Það er að mati Fljótsdalshrepp afar óheppilegt að ekki sé skýrt í lagatextum að orðið landbúnaður eigi óumdeilanlega einnig við um skógrækt. Þannig megi áfram rækta skóg á landbúnaðarlandi án þess að taka landið úr landbúnaðarnotum, þótt landnotkun sé breytt. Fær þetta stuðning í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 4.3.1. lið j, en þar kemur fram að ætlast er til að gerð sé grein fyrir skógrækt innan landbúnaðarsvæða. Sé vilji til þess að skilgreina nánar ræktað land sem nýtt er til þess eins að framleiða matvörur eða fóður, væri mun rökréttara að slík skilgreining verði nánar útfærð í reglugerð, án þess að ráðast í að þrengja hina almennu merkingu orðanna „landbúnaður“ eða „ræktun“. Sé tilgangurinn með þessum skilgreiningum sá, að einfalda regluverkið, munu áhrifin verða allt önnur en að er stefnt;

breyttar skilgreiningar munu einungis flækja málin. Á sama tíma og stjórnvöld tala um að styðja við uppbyggingu á landsbyggðinni, þá setja þau íþyngjandi reglur um landnýtingu.

4. Ársreikningar Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps 2020

Eiríkur kynnti ársreikninginn.

5. Afskriftabeiðnir

Afskriftarbeiðni frá Sýslumanninum á Seyðisfirði og varðar vangreiðslu á opinberum gjöldum að upphæð 1.678.244 kr. Viðkomandi aðilar eru farnir úr landi. Samþykkt að afskrifa skuldina.

6. Fundargerðir:

- a. Fundargerð Byggingarnefndar 12.2.2021  
Fundargerð samþykkt
- b. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands 24.2.2021  
Kynnt
- c. Fundargerð Árssala 15.02.2021  
Kynnt
- d. Fundargerð Árssala 26.03.2021  
Kynnt
- e. Fundargerð Skólaskrifstofu Austurlands 9.2.2021  
Kynnt
- f. Fundargerð svæðisráðs austurssvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 3.2.2021  
Kynnt
- g. Fundargerðir SSA og Austurbrúar  
SSA 9. okt.  
Kynnt  
SSA 6. Nóvember  
Kynnt  
SSA 4. Des.  
Kynnt  
SSA 11. des.  
Kynnt  
SSA 15. Jan.  
Kynnt  
112. Austurbrú 6. okt.  
Kynnt  
113. Austurbrú, 6. nóv.  
Kynnt  
114. Austurbrú 4. des.  
Kynnt  
115. Austurbrú 11. des.

Kynnt

116. Austurbrú 15. jan.

Kynnt

Fundargerð 2. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. (SSA) haldið í fjarfundi á Zoom 9. Okt.

Kynnt

h. Samfélagsnefnd 18. feb.

Kynnt

i. Upphéraðsklasi 4. feb. á Skriðuklaustri.

Kynnt

## 7. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóra falið að skoða þörfina á lagfæringum á heimreiðum í sveitarfélaginu.

*Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis*

*Lárus tók við fundarstjórn.*

Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði yfirlit yfir vegslóða í sveitarfélaginu og gera áætlun um endurbætur á þeim. Einhver kostnaður hlýst af keyptri sérfræðiaðstoð. Þá verði einnig sótt um styrki til Styrkvegasjóðs um endurbætur. Hafið hefur verið samstarf um endurbætur slóða með Múlaþingi og Vatnajökulsþjóðgarði.

Sveitarstjórn samþykkir að leita veði til landfræði og ráðgjafastofu Logg og verkfræðigins Ingimars Jóhannssonar til að aðstoða við þessa vinnu.

*Jóhann kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.*

## 8. Önnur mál

Samþykkt að taka þátt í verkefninu „Fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna“ sem er á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Vísar kostnaði til viðaukagerðar við fjárhagsáætlun 2021.

Eiríkur spurðist fyrir um nýjar reglur um umhverfisstyrki og minnti á að kynna þarf reglurnar fyrir íbúum. Sveitarstjóri svarði því til að reglurnar um umhverfisstyrki verði settar á heimasíðu Fljótsdalshrepps fyrir helgi og þær verða svo sendar á öll heimili í sveitarfélaginu. Eiríkur vill minna landeigendur á að með hækkandi sól kemur að viðhaldi girðingar meðfram vegum og eiga landeigendur rétt á viðhaldskostnaði frá Vegagerðinni. Eiríki finnst það óviðunandi og bændum ekki til sóma að búpeningur sé á vegum og skorar á landeigendur að sjá til þess að girðingum sé haldið við.

Fundi slitið klukkan 16:20  
Lárus ritaði fundargerð í tölvu

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Lárus Heiðarsson

---

Eiríkur J. Kjerúlf

---

Gunnar Gunnarsson